

Skólanámskrá Arnarskóla

Inngangur	3
Um Arnarskóla	3
Heildstæð þjónusta	4
Sérfræðiþjónusta	4
Fyrirmyndin	5
Skólahúsnæðið	5
Stjórnun og starfsfólk.....	5
Stjórnun	5
Starfsfólk	5
Skipulag	7
Skóladagatal	7
Matur	7
Innritun nemenda	7
Skólastefna og markmið náms.....	8
Skólastefna Arnarskóla	8
Skólabragur	8
Skólareglur	9
Tengsl skólans við nærumhverfi	10
Inntak kennslu og markmið, tengsl við grunnþættir menntunar	11
Yfirþættir í námskránni	11
Yfirþættir Arnarskóla og grunnþættir menntunar	12
Kennsluhættir og námsmat.....	13
Einstaklingsmiðað hvetjandi nám	13
Hagnýt atferlisgreining	14
Stýrð kennsla (direct instruction).....	14
Hlutverk kennarans	14
Námsgögn	14
Heimanám.....	14
Námsmat.....	14
Samræmd könnunarpróf	15
Innra mat á árangri og gæðum	15
Úrbætur og þróunarstarf:	15

Almennt samstarf.....	16
Heimili, skóli og velferð nemenda.....	16
Samstarf heimila og skóla	16
Upplýsingagjöf	17
Foreldrafélag	17
Nemendavernd	18
Áföll, áfallaráð	18
Skólaheilsugæsla	18
Reglubundnar skoðanir og bólusetningar	18
Stefnur og áætlanir	19
Móttöku- og tilfærsluáætlun nemenda.	19
Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	19
Slys og veikindi	19
Öryggismál og slysavarnir	19
Lyfjagjafir	19
Viðbrögð við vá	20
Rýmingaráætlun	20
Forvarnaráætlun	20
Jafnréttis- og mannréttindaáætlun.....	21
Agamál, krefjandi hegðun og eineltisáætlun	21
Starfsfólk og starfshættir	22
Þjálfun starfsfólks.....	22
Endurgjöf á kennslu	22
Siðareglur	22
Símenntunaráætlun	23

Skólanámsskrá Arnarskóla

Arnarskóli 2019 – 2020

Heimilisfang: Kópavogsbraut 5c

Arnarskóla er stýrt af stjórnendateymi sem er skipað þannig:

Sara Dögg Svanhildardóttir: skólastjóri og fagstjóri kennslusviðs, Atli F. Magnússon framkvæmdarstjóri og fagstjóri, María Sigurjónsdóttir, fagstjóri, Steinunn Hafsteinsdóttir fagstjóri, Rafn Emilsson staðgengill skólastjóra og Ida Jensdóttir, fjármálasstjóri.

Fjöldi nemenda: 18

Fjöldi starfsmanna: 35

Sími 426-5070

Netfang: arnarskoli@arnarskoli.is

Heimasíða: www.arnarskoli.is

Arnarskóli á Facebook: <https://www.facebook.com/arnarskoli/>

Opnunartími: 7:45:00 – 16:45

Inngangur

Skólanámsskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla, nú frá árinu 2008 og ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013.

Skólanámsskrá samanstendur af námskrá grunnskólastigs. Skólanámsskrá Arnarskóla byggir á inngangi (sögu skóla), yfirliti yfir inntak náms ásamt helstu hagnýtu upplýsingum um skólastarfið. Hlutverk skólanámsskrár er að veita upplýsingar um áætlaða framkvæmd skólastarfs í grunnskólanum með áherslu á það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram í viðkomandi árgangi. Hún er þannig leiðarvísir um skólastarfið og gefur til kynna að hverju er stefnt í skólastarfinu, þ.e. að hvaða hæfni er stefnt að nemandi nái á hverju námssviði og fer fram í einstökum námsgreinum. Framkvæmdin sjálf, þ.e. hið daglega skólastarf, er þannig stöðug viðleitni til að ná ætlaðri stefnu þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni er sameiginleg hjá skólafyrirvöldum, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum með vissri verkaskiptingu og mismunandi ábyrgð í skólastarfinu. Til að framkvæmdin verði í samræmi við stefnuna þurfi allir aðilar að taka ábyrgð sína alvarlega. Samhliða skólanámsskrá er gefin út starfsáætlun skóla sem þarf að lesast samhliða skólanámsskránni til að hún skiljist til fullnustu og fái fullt samhengi. Munur skólanámsskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámsskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65).

Um Arnarskóla

Arnarskóli, skóli fyrir börn með einhverfu og önnur þroskafrávik hóf sitt fyrsta starfsár í ágúst 2018 þar á undan starfaði Arnarskóli undir formerkjum skólaþjónustu þar sem 4 börn stunduðu nám.

Skólaárið 2019 – 2020 er gert ráð fyrir 18 - 22 börnum við nám. Arnarskóli býður upp á heildstæða þjónustu fyrir fötluð börn á grunnskólaaldri með einhverfu og/eða önnur þroskafrávik. Skólinn er sjálfseignarstofnun þar sem boðið er upp á sveigjanleika og sérþekkingu sem þarf til að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Segja má að nýbreytni þessa skóla sé tvennskonar; annars vegar er boðið upp á heildstæðan skóla allan ársins hring og hins vegar er um að ræða faglegan stuðning fyrir fatlaða byggðan á sérfræðikunnáttu sem ekki er í boði í öðrum skólum á Íslandi.

Þeir sem standa að skólanum eru atferlisfræðingar sem hafa allir áratuga reynslu af starfi með fötluðum börnum og eru meðal reyndustu ráðgjafa á Íslandi með fötluðum börnum,

grunnskólakennari sem hefur áralanga reynslu af skólastjórnun grunnskóla og leikskólakennari með langa reynslu af rekstri sjálfstætt starfandi leikskóla.

Sem hluti af undirbúningsvinnu fyrir stofnun skólans fór stjórnendahópurinn til Boston og fékk ítarlega kynningu á starfi The New England Center for Children, auk þess sem tveir af umsækjendunum störfuðu þar til nokkurra ára.

Arnarskóli er viðbót við fjölbreytta flóru skóla sem í boði eru fyrir fötluð börn þannig að koma megi betur til móts við þarfir sem flestra.

Heildstæð þjónusta.

Arnarskóli býður upp á heildstæða þjónustu þar sem starf skóla, frístundaheimilis og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Þannig vinnur sama teymið með barnið allan daginn, allt árið og stuðlar þannig að nauðsynlegri samfellu sem eykur líkur á árangri og betri líðan. Arnarskóli býður upp á þjónustu með þessum hætti alla virka daga á ári og er því opinn á sumrin, milli jóla og nýárs og þannig mætti áfram telja. Skólinn býður upp á þjónustu 244,5 daga á ári samanborið við 180 daga í hefðbundnum skóla.

Með heildstæðri þjónustu er meira rými fyrir sveigjanleika og þannig má koma betur til móts við ólíkar þarfir í einstaklingmiðuðu námi, s.s. hvenær dagsins unnið er að tilteknum markmiðum barnsins.

Sérfræðiþjónusta

Innan Arnarskóla eru skipuð fagteymi í kringum hvern nemanda. Í hverju fagteymi er:

- Umsjónarkennari. Umsjónarkennari sinnir allt að 25 nemendum eftir umfangi og stöðu nemenda.
- Fagstjóri atferlisgreiningar,
- Deildarstjóri kennslu
- Tengill.
- Önnur sérfræðiþjónusta eftir þörfum. Má þar nefna talmeinafræðinga, sjúkrapjálfa og iðjupjálfa.

Fagteymi hvers nemanda hittist reglulega til að fara yfir hvernig starfi með nemandann út frá einstaklingsáætlun miðar. Fulltrúar fagteymis funda svo reglulega með foreldrum og öðrum þjónustuaðilum (s.s. frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skammtíamavistunum og stuðningsfjölskyldum) til að veita ráðgjöf eða samræma þjónustu.

Aðkoma kennara og fagstjóra er breytileg eftir þörfum hvers nemenda. Sumir nemendur Arnarskóla eru mest í kennslu sem lýtur að lestri, stærðfræði og öðrum bóklegum greinum og þurfa þá mikla aðkomu kennara en minni aðkomu atferlisfræðings. Aðrir nemendur eru fyrst og fremst í kennslu sem lýtur að grunnfærni og athöfnum daglegs lífs, klósettþjálfun, matarþjálfun og sjálfshjálp. Fyrir slíka nemendur er aðkoma kennara minni en aðkoma atferlisfræðings meiri.

Tengill: Er starfsmaður með háskólapróf sem nýtist í starfi. Tengill vinnur með umsjónarkennara og fagstjóra í að móta einstaklingsáætlun eins nemanda. Tengill sinnir einnig þjálfun og kennslu undir handleiðslu umsjónarkennara og fagstjóra ásamt því að halda utan um gögn og námsframvindu.

Lögð er áhersla á að fá fagaðila inn í skólann í stað þess að nemendur sækji þjónustu annað og þannig er stutt við þverfaglega vinnu með barnið.

Fyrirmyndin

Arnarskóli sækir fyrirmynd að starfsemi sinni til skóla sem starfa í Bandaríkjunum, Englandi og víðar, s.s. The New England Center for Children í Massachusetts í BNA.

Skólahúsnæðið

Skólahúsnæði Arnarskóla við Kópavogsbraut 5b-c skiptist upp í heimastofur og almenn vinnurými. Í hverri heimastofu eru 1-5 börn hverju sinni allt eftir þörfum og getu hverju sinni til samvista og samvinnu. Í húsnæðinu er borðstofa, móttökueldhús og lítill salur til samverustunda. Í nágrenni Arnarskóla er sundlaug sérstaklega ætluð fyrir fatlað fólk sem Arnarskóli hefur aðgang að. Íþróttakennsla fer í fyrstu fram utandyra. Auk þess kemur sjúkraþjálfari til með að koma reglulega til að vinna með nemendum skólans og veita starfsfólki ráðgjöf með æfingar sem gott er að vinna með hverjum og einum nemanda.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun

Stjórn Arnarskóla ses. ræður framkvæmdarstjórn. Í framkvæmdarstjórn sitja framkvæmdastjóri og fagstjórar atferlisgreiningar og kennslufræða. Fagstjóri kennslufræða skal jafnframt vera skólastjóri og skal ráðning hans vera samkvæmt 12. gr laga um ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum frá 2008. Framkvæmdarstjórn ber ábyrgð á skólastarfi og hefur umsjón með daglegri starfsemi og rekstri skólans.

Starfsfólk

Stjórnendateymi Arnarskóla er skipað af sex einstaklingum:

Atli Freyr Magnússon, framkvæmdarstjóri og fagstjóri. Menntun: MSc Hagnýt atferlisgreining, Board Certified Behavior Analyst

Ida Jensdóttir, fjármálastjóri. Menntun: Leikskólakennari, MBA

María Sigurjónsdóttir, fagstjóri. Menntun: Atferlisfræðingur/Þroskaþjálfari, MSc Sálfræði með áherslu á Hagnýta atferlisgreiningu

Rafn Emilsson, staðgengill skólastjóra haust 2019. Menntun: Framhaldsskólakennari, MSc sálfræði með áherslu á úrræði við náms og hegðunarvanda.

Sara Dögg Svanhildardóttir, skólastjóri. Menntun: Grunnskólakennari (í leyfi haust 2019)

Steinunn Hafsteinsdóttir, fagstjóri. Menntun: Atferlisfræðingur/Þroskaþjálfari, MSc Hagnýt atferlisgreining, Board Certified Behavior Analyst

Nafn	Starfshlutfall	Starfsheiti
Anna Þóra Grétarsdóttir	50	Stuðningsfulltrúi
Ari Guðmundsson	100	Tengill
Atli Magnússon	80	Forstjóri
Álfheiður Björk	100	Stuðningsfulltrúi
Camelia Júliönudóttir	100	Tengill
Dagný Margrét Gunnarsdóttir	100	Tengill
Erla Rut Eggertsdóttir	100	Tengill
Erna Dögg Pálsdóttir	Fæðingarorlof	Tengill
Hafrún Tryggvadóttir	100	Tengill
Harpa Bjarnadóttir	50	Stuðningsfulltrúi
Helga Margrét Haraldsdóttir	80	Tengill
Helga Ómarsdóttir	88	Tengill
Herdís Ásta Pálsdóttir	80	Stuðningsfulltrúi
Hildur Antonsdóttir	100	Tengill
Hulda María Þorbjörnsdóttir	100	Tengill
Inga Lóa Karvelsdóttir	90	Tengill
Ingunn Brynja Einarsdóttir	100	Deildarstjóri
Jónína Kristbjörg Björnsdóttir	100	Tengill
Kristín Erla Einarsdóttir	100	Tengill
Lena Egilsdóttir	100	Tengill
Lilja Dís Þórisdóttir	100	Stuðningsfulltrúi
Linda Guðmundsdóttir	100	Tengill
Magnús Hilmar Viktorsson	100	Stuðningsfulltrúi
María Sigurjónsdóttir	60%	Fagstjóri
Ólöf Rún Jónsdóttir	100	Tengill
Óskar Andri Ólafsson	100	Tengill
Rafn Emilsson	50	Kennari, staðgengill skólastjóra
Sara Dögg Svanhildardóttir	Leyfi	Skólastjóri og fagstjóri
Sara Ólafsdóttir	100	Tengill
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir	30	Sérkennari 2
Steinunn Hafsteinsdóttir	60	Fagstjóri
Sæunn Ragnarsdóttir	100	Tengill
Unnur Margrét Sævarsdóttir	35	Stuðningsfulltrúi

Valdemar Geir Gunnarsson	100	Stuðningsfulltrúi
Þorleifur Baldvinsson	100	Tengill
Þórunn Sif Guðlaugsdóttir	Fæðingarorlof	Tengill

Skipulag

Skóladagatal

Skóladagatal Arnarskóla er unnið skv. lögum og reglugerðum. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagarnir Arnarskóla eru skipulagðir í samráði við foreldrahóp skólans þar sem tekið er mið af mikilvægi þess að koma til móts við aðstæður foreldra. Arnarskóli er opinn alla virka daga, allt árið um kring og samþættir skóla og frístund í einstaklingsmiðaðri stundaskrá hvers barns. Lögbundnir kennsludagar sem eru 180 yfir skólaárið er því dreift yfir opnunartímabil Arnarskóla. Þrátt fyrir að lögbundið kennsluár séu 180 dagar þá er boðið er upp á kennslu 244.5 daga á ári í Skólanum. Í samráði við foreldra er ákveðið hvort og þá hversu langt sumarfrí nemendur taka sér og að hvaða kennslumarkmiðum er unnið að á sumrin.

Matur

Nemendum Arnarskóla gefst kostur á að kaupa heitan mat í hádeginu, ýmist fullt fæði eða að hluta til. Maturinn er hollur, góður, næringarríkur og vel úti látinn. Matseðill er gefinn út fyrir mánuð í senn og er hann birtur á heimasíðu skólans. Áður en annir hefjast ber forráðamönnum að tilkynna hvort nemandinn verði í fæði á komandi önn. Ef nemandur neita sér fæðis er ætlast til að forráðamenn geri sjálfir ráðstafanir varðandi fæði á skólatíma. Nesti sem tekið er með í skólann skal miðast við að sé hollt og næringarríkt en ekki í formi sætinda nema til sérstakra hátíðabrigða hjá öllum.

Innritun nemenda

Skólinn tekur á móti skriflegum, undirrituðum umsóknum á skrifstofu skólans. Skólinn er opinn börnum með einhverfu eða önnur þroskafrávik sem þurfa einstaklingskennslu og/eða stuðning stóran hluta skóladagsins til þess að læra og dafna. Inntökuteymi skólans metur hverja umsókn í samvinnu við skólayfirvöld í sveitarfélagi nemandans. Sérstaklega er horft til þess hvort skólinn geti mætt þörfum nemandans með þeirri þjónustu sem hann býður upp á. Umsóknir eru metnar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og mati fulltrúa skólans á nemandanum.

Eftirfarandi skjöl þurfa að fylgja umsóknum um skólavist í skólanum:

- Útfyllt og undirrituð umsókn
- Umsagnir frá öðrum skólum/stofnunum
- Greiningar frá viðurkenndum sérfræðingum / stofnunum

Umsóknarferlið:

- Útfyllt og undirrituð umsókn berist til skólans ásamt fylgiskjöllum
- Umsækjendur koma í viðtal
- Fulltrúi skólans hittir barnið í skóla þess eða leikskóla.

- Inntökuteymi fjallar um umsóknina, kallar eftir frekari gögnum ef þörf krefur og afgreiðir umsóknina í samráði við fulltrúa fræðslufirvalda í sveitarfélagi umsækjanda
- Afgreiðsla umsóknarinnar kynnt umsækjendum

Ef nemandi er tekinn inn í skólann er móttökuáætlun (í samræmi við Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010) á þessa leið:

- A. Starfsmaður skólans fer í leikskóla/skóla umsækjanda, ræðir við umsækjandann (ef mögulegt), fylgist með honum við leik og störf og fær upplýsingar frá starfsmönnum þar.
- B. Heimsóknir til umsækjanda og/eða heimsóknir umsækjanda í Arnarskóla eru skipulagðar í samráði við þá sem best þekkja til hans og starfsfólks Arnarskóla.
- C. Skilafundur er haldinn um nemandann með aðilum frá þeim skóla sem nemandinn kemur og starfsmönnum Arnarskóla, og öðrum þeim sem rétt þykir að boða.
- D. Ráðstafanir gerðar varðandi hjálpartæki og aðbúnað sé þess þörf.
- E. Teymi fyrir barnið skipulagt og tryggt að allir fái nauðsynlegar upplýsingar um barnið.
- F. Í fyrstu viku barnsins í Arnarskóla er aðlögun og samráðsfundir með foreldrum.
- G. Gert er ráð fyrir því að gerð einstaklingsáætlunar verði lokið eigi síðar en 6 vikum eftir að nemandi hefji skólagöngu í Arnarskóla. Einstaklingsáætlun verður unnin í samvinnu við nemandann, foreldra hans og með tilliti til þess sem unnið var með í þeim skóla/leikskóla sem barnið kemur frá. Í einstaklingsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig staðið skuli að stuðningi til náms og félagslegrar þátttöku, og námsmati.

Skólastefna og markmið náms

Skólastefna Arnarskóla

Arnarskóli vinnur eftir gildunum sjálfstæði, gleði, fagmennska og virðing. Með gildi Arnarskóla að leiðarljósi mun skólinn hlúa að gagnrýnni og skapandi hugsun og úrlausnarhæfni og bjóða upp á menntun í hæsta gæðaflokki þar sem hagsmuna barna er gætt í hvívetna. Gæði námsins verða ekki síst tryggð með metnaðarfullum einstaklingsnámskrám, þar sem stuðst verður við gagnreyndar aðferðir hagnýtrar atferlisgreiningar. Meginmarkmið skólans er að koma með fjölbreyttum hætti til móts við fötluð börn með þroskafrávik og fjölbættar þarfir bæði í námi og frístundastarfi. Skólinn leggur áherslu á örvandi og fjölbreytt náms- og starfsumhverfi. Skólinn býður upp á samfelldan skólalag allan ársins hring með það að markmiði að stuðla að stöðugleika í kringum börn. Rík áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra/aðstandendur barna.

Skólabragur

Til að stuðla að góðu og heilbrigðu námssamfélagi í Arnarskóla er óskað eftir því að börn foreldrar og starfsmenn leggi sig fram við að skapa saman jákvæðan skólabrag.

Öll börn sem stunda nám við Arnarskóla:

- Njóta virðingar
- Njóta sanngirnis og jafnréttis
- Finna til öryggis í skólanum

- Fá stuðning í námi sínu
- Fá að koma skoðunum sínum á framfæri

Réttindunum fylgja bæði ábyrgð og skyldur til að allir megi njóta sín í námssamfélaginu

Foreldrar:

- gæta hagsmuna barna sinna og stuðla að því að þau fái nám við hæfi
- aðstoða börn sín við að mæta tímanlega í skólann með þau gögn sem þau þurfa hverju sinni
- fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og starfsfólk skólans
- upplýsa skólann um allar breytingar á símanúmerum og netföngum og gæta þess að skólinn hafi alltaf nýjustu upplýsingar um hvernig hægt er að ná í foreldra/forsjáraðila
- gæta þess að hafa eins mikla samfellu í námi barnsins og kostur er en öll leyfi á skólatíma skal sækja um skriflega

Starfsfólk:

- mótar hvetjandi námsumhverfi, í samráði og samvinnu við foreldra og nemendur, þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín
- kemur til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda sinna og sinna þeim af alúð
- leggur áherslu á góða umgengni og jákvæð samskipti
- sýnir nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk
- stuðlar að jákvæðum skólabrag
- gætir fyllstu þagmælsku og trúnaðar um hagi nemenda og foreldra þeirra nema að barnaverndarlög kveði á um annað
- kappkostar við að bjóða hverjum og einum hæfilega ögrandi nám sem vekur forvitni og löngun til frekara náms

Skólareglur

Skólareglur eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Eftir að skólaráð hefur tekið til starfa verður leitað eftir samstarfi við það um frekari þróun þessara skólareglna.

- Nemendur og starfsmenn leitast við að búa til jákvæðan skólabrag, þar sem allir koma fram af gagnkvæmri virðingu og jafnrétti.
- Forföll tilkynnast starfsmönnum skólans í upphafi skóladags.
- Nemanda ber að mæta stundvíslega í skólann.
- Nemendur eiga að hafa með sér hollt og gott nesti í skólann og vera klæddir samkvæmt veðri.
- Ósk um skemmri eða lengri leyfi er borin fram við kennara og lýtur samþykki fagstjóra ef um lengri fjarvistir er að ræða.
- Gengið er snyrtilega um skólann og öllu rusli hent í þar til gerðar fötur og flokkað. Sælgæti eða gosdrykkir eru skilin eftir heima nema um annað sé samið.
- Útiskór, yfirhafnir og höfuðföt eru geymd í fatahengjum, hver á sínum stað.
- Nemendur hlýða starfsfólki skólans og sýna kurteisi. Hverskonar ofbeldi gagnvart nemendum og starfsfólki skólans verður ekki liðið, hvort sem er í orðum, gjörðum eða á rafrænum miðlum.

- Slökkt er á farsímum og hvers kyns hljómtækjum í kennslustundum nema í þeim tilfellum sem á að nota þau í námi.
- Neysla vímuefna, tóbaks, áfengis og hvers kyns efna af öðrum toga er stranglega bönnuð í skólanum, á lóð hans og samkomum á hans vegum.
- Skólaakstur er þjónusta rekin af Strætó bs. Forráðamenn nemenda bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum til ferðaþjónustunnar um breytingar varðandi akstur nemenda til og frá skóla
- Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu inngrípi í refsingarskyni.
- Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngrípi til að stöðva nemanda. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi.
- Óheimilt er að senda lyf með nemendum. Forráðamenn þurfa að koma þeim í skólann til starfsmanna skólans.
- Skólastjóri, umsjónarkennarar, kennarar og annað starfsfólk bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt.

Tengsl skólans við nærumhverfi

Þar sem Arnarskóli er ekki hverfisskóli má segja að nærsamfélagið sé höfuðborgarsvæðið, skólar og íþróttamiðstöðvar í nágrenninu, náttúran og Rjóðrið. Tengsl við höfuðborgarsvæðið felst í þeirri þjónustu, þeim stofnunum, söfnum og menningarviðburðum sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Í skólanum er lögð áhersla á ýmiskonar vettvangsferðir í tengslum við námið auk þess sem hvatt er til þátttöku í íþrótt- og menningarviðburðum því þannig auka nemendur við menntun sína og almennan þroska. Leitast verður við að hafa eins mikið samstarf við almenna grunnskóla í nágrenni við Arnarskóla og kostur er, s.s. með heimsóknum og þátttöku í félagslífi. Arnarskóli kemur einnig til með að vera í nánú samstarfi við þá skóla og leikskóla sem nemendur okkar koma frá (sjá móttökuáætlun). Auk þess er mikilvægt fyrir nemendur okkar og fjölskyldur þeirra að vel takist til með samstarf við þá framhaldsskóla sem taka við nemendum okkar.

Öllum nemendum Arnarskóla kemur til með að fylgja einstaklingnámskrá síðasta skólaárs, skýrsla um styrkleika og þarfir nemandans, sem og greinagerð um hvernig staðið er að aðlögun umhverfis og komið til móts við þarfir nemandans svo honum líði sem best og fái notið styrkleika sinna. Aður en til útskriftar kemur verður leitast við að nemandinn heimsæki þann móttökuskóla sem nemandinn stefnir á að fara í. Fjöldi þeirra heimsókna og fyrirkomulag verður skipulagt í samstarfi starfsfólks Arnarskóla og nemanda og foreldra hans, sem og móttökuskóla. Tilfærsluáætlun úr Arnarskóla yfir í annan grunnskóla verður með sama hætti og lýst er þegar nemandi er að hefja nám í framhaldsskóla skv. reglugerð 148/2015.

Samstarf verður við sérfræðiþjónustu þeirra sveitarfélaga sem börnin koma frá, t.d. varðandi sálfræðiþjónustu og félagsleg úrræði sem og framvindu náms og stöðu nemenda. Arnarskóli verður í samstarfi við Rjóðrið sem er til húsa í nágrenni við skólann. Í Rjóðrinu fá langveik börn hvíldarinnlagnir. Börn sem búa á landsbyggðinni koma til með að koma í Arnarskóla ásamt starfsmanni til þess að brjóta upp daginn og skipta um umhverfi (ekki á

ábyrgð skólans). Leitast verður við að búa til tengsl við Rjóðrið þannig að nemendur okkar geti látið gott af sér leiða til starfsemi Rjóðursins.

Inntak kennslu og markmið, tengsl við grunnþættir menntunar

Yfirþættir í námskránni

Nám í Arnarskóla skiptist í fjóra yfirþætti sem metnir eru með færnimati ACE (Autism curriculum encyclopedia) ásamt almennu námsmati. Einstaklingsáætlanir nemenda eru mótaðar úr þessum þáttum og fléttast saman við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna.

Yfirþættir í námskrá Arnarskóla eru feitletraðir í meðfylgjandi töflu

1) Hreyfi- og félagsfærni	2) Sjálfhjálp og heilbrigði	3) Þátttaka í samfélagi og frístundir	4) Námsgreinar
Gróf- og fínhreyfifærni	Sjálfshjálp	Frístundir og hreyfing	Íslenska
Hlustun og tjáskipti	Heilbrigði og velferð	Öryggi, afþreying og að fara um samfélag	Stærfræði
Félagsfærni	Færni til fullorðinsára. Sjálfstæð búseta.	Vinnufærni	Enska
			Samfélagsfræði
			Heimilisfræði
			Hönnun/smíði
			Upplýsinga og tæknimennt
			Textílmennt
			Tónmennt
			Íþróttir
			Myndmennt

Yfirþættir Arnarskóla og grunnþættir menntunar

Yfirþættir í námskrá Arnarskóla fléttast inn í grunnþætti menntunar á margvíslegan hátt. Að neðan er gróft yfirlit yfir hvernig þættirnir fléttast saman og nánari lýsing er í texta.

<i>Kennsluþættir Arnarskóla</i>	Læsi	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi	Heilbrigði og velferð	Sköpun
Hreyfi og félagsfærni	Geta ti að lesa í félagslegar aðstæður og tjáskipti.	Gróf og finnhreyfifærni. Félagsfæmiþjálfun	Geta til hlustunar og tjáskipta í lýðræðislegu samfélagi.	Geta til hreyfingar	Skapandi hreyfing, skapandi samræður og félagsfærni.
Sjálfs hjálp og heilbrigði	Læsi á persónulegt hreinlæti og heilbrigða lífshætti.	Geta til sjálfs hjálpar og sjálfstæðrar lifnaðarháttá	Geta til að hafa áhrif á umhverfi sitt með jákvæðum leiðum.	Geta til þátttöku í heilbrigðum lífsháttum	Geta til að útfæra sjálfs hjálp og heilbrigða lífshætti með nýjum og sjálfstæðum hætti.
Þátttaka í samfélagi og frístundum	Geta til að lesa í félagslegar aðstæður og þekkja reglur/venjur í tónstundum og starfi.	Geta til að ferðast með sjálfstæðum hætti um nærumhverfi og að nýta samgöngur.	Geta til þátttöku í tómstundum og vinnu í lýðræðissamfélagi	Geta til að stunda vinnu og tómstundir .	Geta til að ferðast um nærumhverfi og nýta samgöngur með nýjum og sjálfstæðum hætti.
Námshættir	Geta til að lesa í aðstæður, tákni, texta og heilbrigða lífshætti	Geta til sjálfs hjálpar og sjálfstæðra lifnaðarháttá. Þjálfun í að takast á við margvísleg álitamál daglegs lífs.	Geta og tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum vinnubrögðum í verkefnavinnu og skólustarfi	Geta til að lesa í og þekkja heilbrigða lífshætti. Verkefnavinna sem miðar að hreyfingu og heilbrigði.	Geta til að taka þátt í skapandi verkefnum. Geta til að hreyfa sig og tjá á skapandi hátt

Sjálfbærni

Unnið er eftir grunnþætti menntunar um sjálfbærni með margvíslegum hætti. Rík áhersla er á að kenna og þjálfa nemendur í sjálfs hjálp og því að njóta með sjálfstæðum hætti þeirra lífsgæða sem vinna, tómstundir og almenn afþreying getur veitt nemendum. Þessi kennsla miðar að því að nemendur séu sjálfbærir og sjálfstæðir eins og unnt er til framtíðar.

Nemendur fá einnig kennslu, þjálfun og fræðslu í samræmi við getu í að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni daglegs lífs. Þessi kennsla fer fram í gegnum þemaverkefni, morgunstundir og daglegt líf í skólanum. Nemendur kynnast þannig lýðræðislegum vinnubrögðum og fá með þeim hætti að hafa áhrif á þau viðfangsefni og ákvarðanir sem teknar eru í skólanum. Arnarskóli leggur áherslu á endurnýtingu og umhverfisvæna starfshætti, ásamt fræðslu um mikilvægi slíkra lifnaðarháttá bæði í kennslu og almennu starfi skólans.

Lýðræði og mannréttindi

Skólustarf í Arnarskóla byggir á lýðræðislegum starfsháttum þar sem nemendur geta haft áhrif á verkefnaval, þemavinnu og daglegt starf í samræmi við eigin getu. Með þessum starfsháttum er lögð áhersla á að nemendur læri að virða skoðanir annarra en á sama tíma læri að hafa áhrif á umhverfi sitt með jákvæðum hætti. Rík áhersla er á að læra jákvæðar leiðir til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt og óska eftir þeim breytingum sem nemendur vilja hafa á nærumhverfi sitt. Nemendur fá þjálfun í því að ferðast um bæjarfélagið og nærumhverfi, nýta sér samgöngur og taka þátt í samfélagslegum verkefnum eða athöfnum. Með þessum hætti er stuðlað að því að nemendur þekki og skilji það lýðræðisþjóðfélag sem börnin búa í og búi yfir færni til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu í samræmi við eigin getu.

Heilbrigði og velferð

Arnarskóli leggur grunn að líkamlegri, félagslegri og andlegri velferð nemenda sinna með marvíslegum hætti. Marvisst er unnið að því að auka og efla getu nemenda til þess að þekkja og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Þessi þjálfun fléttast með markvissum hætti inn í einstaklingsáætlanir allra nemenda. Einnig er hreyfigeta metin og þjálfuð í daglegu starfi skólans og fer sú þjálfun fram bæði í hreyfistundum og í almennum kennslustundum. Allir nemendur fá einstaklingsmiðaða kynfræðslu, félagsfærniþjálfun og þjálfun í að þekkja og forðast helstu hættur í umhverfi sínu. Að auki við einstaklingsmiðaða kennslu og þjálfun þá byggir Arnarskóli starf sitt á almennri áherslu á heilbrigði og velferð þar sem hollt matarræði og hreyfing er fléttuð inn í daglegt skólastarf. Til að stuðla að vellíðan nemenda byggja allir kennsluhættir og þjálfun á sannreynðum, uppbyggilegum kennsluaðferðum þar sem hvatning, hrós og aðrar jákvæðar leiðir eru nýttar til að efla færni nemenda.

Jafnrétti

Arnarskóli leggur áherslu á umburðarlyndi gagnvart ólíkri fötlun, menningu, kynhneigð, lífsskoðunum, trúarbrögðum, þjóðerni og margbreytileika almennt. Þessar áherslur endurspeglast í umræðu og fræðslu ásamt því að efla alla nemendur í virkri þátttöku í nútíma þjóðfélagi óháð bakgrunni þeirra eða stöðu. Allir nemendur fá jöfn tækifæri til þess að taka þátt í skólastarfinu og fá jöfn tækifæri til þess að hafa áhrif á skipulag námsins í samræmi við getu.

Sköpun

Nemendur í Arnarskóla fá tækifæri til þess að örva ímyndunarafli sitt og skapa með margvíslegum hætti í daglegu starfi skólans. Morgunstundir, þemaverkefni, listgreinar og tónlistartímar byggja á skapandi vinnu nemenda og á því að nemendur fái færi á að búa til og skapa með ólíkum hætti daglega. Einnig fá nemendur tækifæri til þess að vinna námsverkefni með margvíslegum hætti og skila frá sér á skapandi máta, til dæmis með frásögn, myndum, leikrænni tjáningu, dansi, myndbandagerð eða öðrum leiðum sem hæfa getu nemenda og því verkefni sem verið er að vinna. Reynt er að stuðla að frumkvæði, sjálfstæði og frumleika í skapandi skilum nemenda á námslegum verkefnum.

Kennsluhættir og námsmat

Einstaklingsmiðað hvetjandi nám

Skólastarfið byggir á einstaklingsmiðuðu námi þar sem áhugasvið nemenda er nýtt sem hvati. Mikið er því lagt upp úr að aðlaga kennslu að því sem grípur huga nemandans hverju sinni. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda og unnið í samræmi við hana ýmist í einstaklingskennslu eða litlum hópum, allt eftir þörfum og getu hvers nemanda. Kennslan er byggð upp á vinnulotum þar sem skiptast á þjálfunarlotur og kennslulotur. Ýmist er ákveðið viðfangsefni sem unnið er með út heila viku, eða til lengri tíma eftir því hvaða efni er verið að vinna með.

Lögð er áhersla á samvinnu við foreldra og nemendur við val á markmiðum. Þessi samvinna er til þess að fá skýrari mynd af því hvaða færni er mikilvægast að þjálfu til þess að yta undir sjálfstæði, færni og þátttöku í samfélaginu.

Hagnýt atferlisgreining

Mikið af kennslu og þjálfun í Arnarskóla byggir á hagnýtri atferlisgreiningu. Hagnýt atferlisgreining byggir á þeirri hugmyndafræði að allir geti lært ef þeim er kennt með þeim hætti sem þeir skilja. Með markvissri nálgun og litlum skrefum sem tekin eru jafnt og þétt eftir því sem færni nemandans eykst má kenna öllum. Við kennslu á nýrri færni er stuðst við fjölbreytta nálgun s.s. aðgreindar kennsluæfingar með villulausu námi (errorless learning through discrete trials), raunveruleikatengd verkefni (naturalistic teaching approach), verkefnagreiningar (task analysis) og eftirhermunám (imitation learning). Þegar unnið er með óæskilega hegðun er lögð áhersla á að skilja hegðunina og samspil hennar við umhverfið svo vinna megi í fyrirbyggjandi aðgerðum samhliða því að unnið er með nemandanum í því að æfa færni sem hjálpar honum að takast á við þær aðstæður sem reynast honum erfiðar og kalla fram óæskilega hegðun.

Leitast er við að endurmeta leiðir að markmiðum reglulega, með tilliti til nýrra rannsókna í faginu.

Stýrð kennsla (direct instruction)

Notast er við Stýrða kennslu (Direct Instruction) til að kenna lestur og stærðfræði í Arnarskóla. Aðferðin byggir á því að byggja upp námsefni á markvissan hátt þar sem nemendur ná flugfærni í undirstöðuatriðum áður en haldið er áfram í námsefni. Kennslustundir byggja á a) Sýnikennslu b) Fimipjálfun c) Endurgjöf d) Símati á færni og gagnastýrðri ákvarðanatöku.

Kennt er bæði í litlum hópum og í einstaklingskennslu þar sem færni nemenda stýrir því hvaða verkefni og færni verið er að þjálfra. Með því að meta endurtekið færni og námsframvindu nemenda er hægt með markvissum hætti að kenna og æfa þá færni sem nemendur þurfa helst þjálfun í, nýta kennslustundir markvisst, gæta að því að nemendur séu ekki að glíma við of erfið verkefni og stuðla þannig að bættri færni og auknu sjálfstrausti nemenda.

Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans eða stuðningsaðila er að hlúa sem best að öllum þeim þáttum sem snerta hvert einasta barn í Arnarskóla. Kennarinn/stuðningsaðilinn styður við áframhaldandi þroska barnsins. Kennarinn/stuðningsaðilinn vinnur út frá gildum Arnarskóla að því að veita hverju barni bestu þjónustuna sem völ er á hverju sinni. Kennarinn/stuðningsaðilinn er hluti af þverfaglegu teymi hvers barns sem sameiginlega gerir áætlun.

Námsgögn

Arnarskóli nýtir fjölbreytt námsgögn til kennslu og þjálfunar. Allt námsefni er sérsniðið að hverjum nemanda fyrir sig.

Heimanám

Eiginlegt heimanám er ekki fyrir hendi en þjálfun heima fyrir með færni í ákveðnum aðstæðum er hluti af starfi Arnarskóla. Þá fer starfsmaður heim með viðkomandi barni og vinnur í samstarfi við forráðamenn.

Námsmat

Í Arnarskóla er nákvæm skráning með hverju barni þar sem vinnustundir eru skráðar mjög nákvæmlega. Þannig fæst yfirsýn yfir þau marmið sem hefur verið náð sem og yfir þau sem þarf að vinna áfram með einhverjum hætti. Allar vinnustundir eru háðar skráningu.

Við námsmat í vinnulotum er stuðst við skráningu og námsviðmið í samræmi við verklag í aðgreindum kennsluæfingum með villulausu námi (errorless learning) eða fimiskráningar samkvæmt hnitmiðaðri færniþjálfun (precision teaching). Slíkt mat og námsviðmin sem fylgja matinu er næmt fyrir framvindu náms hjá hverju barni og gerir starfsfólki kleift að taka gagnastýrðar ákvarðanir bæði á meðan á kennslu stendur og í framhaldinu. Námsmatinu er því ætlað að stuðla að réttu verkefnavali fyrir hvert barn og þannig auka ánægju og sjálfstraust hjá hverju barni.

Samræmd könnunarpróf

Nemendur Arnarskóla eru allir undanskyldir samræmdum könnunarprófum.

Innra mat á árangri og gæðum

Við innra mat á gæðum skólans verður tekið mið af 35. gr Grunnskólalaga (nr. 91/2008) og Aðalnámskrá. Innra mat skólans er umbótamiðað. Reglulegt mat verður gert á starfsfólki skólans þar sem fylgst verður með vinnu þeirra með nemendum. Þar sem árangur af kennslu nemendanna er metinn reglulega, verður skoðað hvernig tekist hefur að hjálpa þeim að ná markmiðum sínum. Með tilliti til árangurs verða leiðir að markmiðum endurskoðaðar reglulega.

Rýnihópur um námsframvindu. Í Arnarskóla er svokallaður rýnihópur um námsframvindu. Rýnihópurinn hittist vikulega og fer yfir málefni einstakra nemenda. Á rýnifundi þá kynnir fagstjóri og kennari stöðu nemenda að teknu tilliti til námsframvindu og þegar það á við umfangi hegðunarvanda. Kynna þarf þær kennsluáætlanir sem eru í gildi, viðbrögð við krefjandi hegðun þegar það á við og kynna gögn sem sýna framvindu náms og umfang hegðunarvanda þegar það á við. Rýnihópnum er ætlað að veita endurgjöf á starfshætti fagstjóra og kennara með það að leiðarljósi að bregðast fljótt við ef kennsla eða önnur þjálfun er ekki að skila árangri.

Rýniteymi um starfshætti skólans: Í tengslum við mat á starfsháttum Arnarskóla hafa verið fengnir tveir utanaðkomandi sérfræðingar til þess að veita ráðgjöf og leggja mat á starfið. Þessir sérfræðingar eru Dr. Einar Þór Ingvarsson og Dr. Berglind Sveinbjörnsdóttir. Einar starfar sem Director of Clinical Services hjá Virginia Institute of Autism. Berglind er lektor í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík og starfaði um árabil í New England Center for Children.

Úrbætur og þróunarstarf:

Lestur og þróun kennsluhátta: Arnarskóli mun eiga fulltrúa í fagráði um lestrarkennslu eftir aðferðum stýrðar kennslu. Fagráðið er samstarfsvettvangur Urriðaholtsskóla, Setbergsskóla, Arnarskóla og Háskóla Íslands. Ráðinu ætlað að vinna námsefni og halda áfram þróunarstarfi í innleiðingu kennsluháttanna. Arnarskóli mun einnig taka þátt í rannsóknum á hagnýtingu aðferðanna í vinnu með nemendum með þroskafrávik.

Þróun á heildstæðri þjónustu: Allt starf Arnarskóla er eitt stórt þróunarverkefni og nýbreytni í skólastarfi. Arnarskóli er sértæk leið til að mæta börnum og ungmönnum með þroskafrávik og mun leggja áherslu á samstarf við foreldra til þess að sníða þjónustuna að þörfum nemenda allt árið um kring. Tveir utanaðkomandi sérfræðingar hafa einnig verið fengnir til að rýna í starfshætti skólans og koma með ábendingar að úrbótum. Þessir sérfræðingar eru Dr. Einar Þór Ingvarsson og Dr. Berglind Sveinbjörnsdóttir. Einar starfar

sem Director of Clinical Services hjá Virginia Institute of Autism. Berglind er lektor í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík og starfaði um árabil í New England Center for Children.

Rýnihópur fólks með þroskafrávik á kennslu- og starfshætti skólans: Unnið er að mótun rýnihóps fólks með þroskafrávik sem ætlað er að veita skólanum endurgjöf á starfshætti. Tilgangur hópsins er að fá innsýn inn í starfið frá fólki með þroskafrávik sem hefur reynslu af því að vera nemendur í íslensku skólastarfi og með þessum upplýsingum fá hugmyndir að bættum starfsháttum Arnarskóla.

Starfsfólk fyllir út matslista um starfsumhverfi starfshætti og mögulegar úrbætur árlega.

Starfsmannasamtöl eru að lágmarki einu sinni á ári þar sem óskað er eftir ábendingum og bættu aðstöðu eða starfshætti

Gögn frá rýnihópum, matslistum og viðtölum við starfsfólk eru kynnt stjórn Arnarskóla ásamt tillögum að úrbótum í lok hvers skólaárs.

Almennt samstarf

Arnarskóli vinnur náið með öðrum skólum og stofnunum til þess að leita leiða til að veita nemendum sínum framúrskarandi þjónustu. Helstu samstarfsaðilar eru:

The New England Center for Children (NECC) í Massachusetts í BNA: Arnarskóli sækir fyrirmynd sína að starfsháttum að miklu leiti til NECC. Starfsfólk Arnarskóla hefur farið í námsferð til stofnunarinnar ásamt því að fagstjórar Arnarskóla hafa fengið þjálfun og unnið á staðnum. Arnarskóli styðst einnig við sömu færnimiðuð matstæki og NECC.

Háskóli Reykjavíkur (HR): Arnarskóli hefur gert samstarfssamning við HR um starfsþjálfun mastersnema í hagnýtri atferlisgreiningu.

Háskóli Íslands(HÍ): Arnarskóli hefur verið í samstarfi við HÍ um starfsþjálfun þroskaþjálfanema ásamt því að vinna að rannsóknum um lestrarkennslu nemenda með þroskafrávik.

Urriðholtsskóli og Setbergsskóli: Arnarskóli vinnur í nánu samstarfi við Urriðholtsskóla og Setbergsskóla um notkun Stýrðrar kennslu í skólastarfinu og hafa skólarnir verið sameiginlega með starfsþjálfun fyrir starfsfólk.

Heimili, skóli og velferð nemenda

Samstarf heimila og skóla

Samstarf við heimilin er mikilvægur þáttur í starfi skólans. Uppeldi barna með sérþarfir getur verið flókið verkefni, en með góðu samstarfi má auðvelda bæði foreldrum og starfsfólki að takast á við það.

Foreldrar og börn eru virkir þátttakendur í einstaklingsnámskrágerð og er þar sérstök áhersla lögð á virkni barns á heimilinu og þátttöku í fjölskyldulífi. Til þess að ná slíkum

markmiðum krefst það þess að í sumum tilvikum fari kennsla fram á heimili nemenda, eða að foreldri býðst að fá leiðsögn og þjálfun í skólanum um hvernig megi stuðla að yfirfærslu á kennslu og námi nemandans.

Hvert barn í Arnarskóla hefur sinn tengil og umsjónarkennara. Tengill hefur regluleg samskipti við forráðafólk viðkomandi nemanda er varða hag barnsins á einn eða annan hátt. Fagstjóri atferlisgreiningar og umsjónakennari eru einnig í reglulegum samskiptum við foreldra varðandi faglegt starf sem snýr að hverjum og einum nemanda.

Upplýsingagjöf

Á hverju hausti verður námskynning fyrir börn, foreldra og forsjáraðila. Á þessum fundi verða kynntar áherslur skólustarfsins fyrir komandi ár. Einnig verða viðtalstímar, skólareglur, skólaskemmtanir, foreldrafélag og hlutverk foreldra í skólustarfinu kynnt. Á fundinum eru kosnir fulltrúar úr hópi foreldra sem koma til með að sinna svipuðum hlutverkum og bekkjarfulltrúar í öðrum skólum. Foreldrar og nemendur verða boðaðir á fund í tengslum við skil á mati á framförum ársfjórðungslega. Auk þess geta foreldrar haft samband við fagstjóra eða skólayfirvöld á viðtalstímum eða með rafrænum skilaboðum.

Skólinn upplýsir foreldra símleiðis eða með rafrænum hætti um uppákomur í skólanum eða þegar þarf að koma tilkynningum til þeirra. Heimasíða skólans er aðgengileg öllum og hefur að geyma allar helstu upplýsingar um starfsemi skólans.

Foreldrar eru eindregið hvattir til að hafa samband við fagteymi barna sinna reglulega og styrkja þannig samband heimila og skóla.

Foreldrafélag

Við Arnarskóla skal starfa foreldrafélag. Skólustjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólustarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélagið setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Upplýsingar um foreldrafélagið sem og bekkjarfulltrúa og starf þeirra verða birtar á heimasíðu skólans.

Tilgangur félagsins er að:

- Efla samvinnu foreldra og starfsfólks skólans
- Byggja upp samfélag sem fagnar fjölbreytileika
- Styrkja samskipti milli heimilis og skóla
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- Standa vörð um réttindi hvers nemanda til mennta, þroska og vellíðunar í námi
- Virða markmið og metnað hvers nemandans

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

- Veita skólastjórnendum lið svo að aðstæður til náms og félagsstarfa verði sem bestar
- Fulltrúi foreldra er kosinn til að sinna verkefnum bekkjarfulltrúi úr röðum foreldra á fyrsta foreldrafundi hvers skólaárs
- Halda umræðu- og fræðslufundi sem og samkomur til fjáröflunar
- Fara í fræðandi vettvangs- og skemmtiferðir og fá heimsóknir fagfólks/hópa
- Standa að upplýsingamiðlun til foreldra til dæmis með útgáfu fréttabréfs og birtingu fundargerða og annars er viðvíkur starfsemi félagsins á heimasíðu skólans
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra

Nemendavernd

Í Arnarskóla er lögð áhersla á vellíðan allra barna því leggur starfsfólk skólans sig allt fram við að búa svo um umhverfi Arnarskóla að hvert barn fái notið sín á eigin forsendum í leik og starfi til þess að gera það sem hægt er hverju sinni til að fyrirbyggja vanlíðan af hvaða toga sem er. Nemendaverndarráð fjallar um öll þau mál sem snerta einstaka barn og ástæða þykir til að taka til umfjöllunar í samráði við tengil/umsjónarkennara hverju sinni.

Áföll, áfallaráð

Í Arnarskóla er skipað áfallaráð. Í áfallaráði eru fagstjórar, deildarstjórar og skólastjóri. Ráðinu er ætlað að bregðast við áföllum sem nemendur eða starfsfólk getur orðið fyrir í skólustarfinu eða utan þess. Verði nemendur eða starfsfólk fyrir áfalli þá er ráðið kallað saman óháð dagsetningu eða tíma til þess að skipuleggja viðbrögð, upplýsingagjöf og hlutverkaskiptingu starfsfólks til að viðbrögð skóla og starfsfólks stuðli að bættri líðan nemenda og starfsfólks. Málefni áfallaráðs eru margvísleg og tengjast nemendum, starfsfólki eða aðstandendum, má þar nefna:

- Langvinnir sjúkdómar/veikindi, nemenda eða aðstandenda þeirra.
- Slys nemenda eða aðstandenda bæði á skólatíma og utan.
- Andlát nemenda eða aðstandenda.
- Skilnaðir.

Skólaheilsugæsla

Skólinn er í samstarfi við heilsugæslustöð hverfisins. Stuðlað verður að uppfræðslu um mikilvægi heilbrigðra lífshátta, þar með talið að fylgja lögbundnum útivistartímum, fá næga hvíld, sinna tannhirðu og almennu líkamlegu og andlegu heilbrigði. Skólinn mun vera í samstarfi við sérfræðilækna barnanna þar sem það á við.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

6 ára: sjónpróf, heyrnapróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

9 ára: sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

12 ára: sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling og athugun á litaskyni. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Bólusett gegn leghálskrabbameini 3 sprautur á 6 mánaða tímabili.

14 ára: sjónpróf, heyrnapróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (einsprauta).

Skólaheilsugæslan fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra áður en bætt er úr því.

Stefnur og áætlanir

Móttöku- og tilfærsluáætlun nemenda.

Móttökuteymi er skipað í kringum hvert barn sem hefur skólagöngu í Arnarskóla, hvort sem barnið kemur úr leikskóla eða öðrum grunnskóla. Teymið er skipað fagstjóra, kennara og tengli barns.

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Starfsmaður skólans heimsækir barnið í þann skóla eða leikskóla sem barnið kemur frá til þess að undirbúa móttöku þess í skólann þar sem því verður við komið. Foreldrar og nemandi eru boðuð í skólann til kynningar áður en kennsla hefst. Nemendum og foreldum er kynnt skólastarfið, starfsfólk skólans og húsnæði. Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir barn fá foreldrar í hendur upplýsingar fyrir foreldra nýrra nemenda.

Ef nemandi fer frá Arnarskóla í annan grunnskóla þá sér tengill og fagstjóri í samráði við foreldra/forráðamenni um að taka saman gögn og upplýsa starfsfólk í nýjum skóla um þarfir nemanda og hvetja starfsfólk í nýjum skóla að koma og fylgjast með barni í skólastarfinu í Arnarskóla áður en að flutningi kemur.

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Áætlun Arnarskóla um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku byggir á lögum um grunnskóla, 16. gr. 91/2008 og Handbók um móttöku innflytjenda sem gefin var út fyrir grunnskóla Reykjavíkur og höfð hefur verið til hliðsjónar.

Slys og veikindi

Unnið verður eftir Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum til að fyrirbyggja slys og hvernig bregðast skuli við slysum. Allt starfsfólk Arnarskóla kemur til með að hljóta þjálfun í skyndihjálpi auk þess að fá reglulega upprifjun. Verði slys í skólanum eða á lóð skólans skal kalla á sjúkrahól leiki minnsti vafi á að viðkomandi hafi slasast alvarlega. Jafnframt skal láta forsjáraðila vita strax. Arnarskóli mun tryggja starfsfólk og nemendur líkt og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Öryggismál og slysavarnir

Öryggis trúnaðarmaður starfar við skólann og er hann kosinn ár hvert á fyrsta starfsmannafundi skólaársins.

Á hverju hausti eru farið vel yfir mikilvægi umferðaröryggi barna og unglunga á leið í skólann og minnt á reglur varðandi reiðhjól, hjólabretti, vespur, rafhjól, létt bifhjól og öryggisbúnað þar að lútandi. Fræðsla þessi fer fram í samstarfi við lögreglu og slysavarnafélög eftir því sem við á. Rætt verður við nemendur um mikilvægi þess að fara ekki með ókunnugum og hvernig hægt er að bregðast við slíkum aðstæðum.

Lyfjagjafir

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til barna á skólatíma. Þar kemur m.a. fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er ávallt foreldra eða forráðamanna.

Lyf eru geymd í læstum lyfjaskáp. Tengill hvers barns ber ábyrgð á lyfjagjöf og fylgir því eftir að lyfjagjöf eigi sér stað á réttum tíma. Skráð er hvort barn hafi tekið lyfin og hversu mikið er eftir af lyfjum eftir hverja lyfjagjöf.

Viðbrögð við vá

Kennarar og starfsfólk Arnarskólans munu fylgja tilmælum þess sveitarfélags sem hann er staðsettur í og bregðast við veikindafaraldri, viðbrögðum við óveðri, eldgosi og jarðskjálftum rétt eins og aðrir grunnskólar. Rýmingaráætlun verður jafnframt æfð reglulega.

Unnið verður eftir leiðbeiningum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna röskunar á skólastarfi vegna óveðurs. Telji forsjáraðilar barns veður svo slæm að þeir treysti börnum sínum ekki í skólann er þeim heimilt að halda þeim heima. Þeir þurfa að láta skólann vita um ákvörðun sína.

Rýmingaráætlun

Í Arnarskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi sem fylgst er með reglulega og flóttaleiðir eru þrjár.

Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda og lýsing á fyrstu viðbrögðum. Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

- Fulltrúi í öryggisnefnd fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan boðið kemur.
- Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum reglum sem er að finna í hverri kennslustofu. Þeir taki með nafnalista.
- Ef ekki er um hættu að ræða fer öryggisfulltrúi á milli rýma. Ef brunakerfið fer strax aftur í gang er um eld að ræða og skal skólinn þá strax rýmdur.
- Deildastjóri eða fulltrúi í öryggisnefnd hafa samband við slökkvilið í síma 112, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu.
- Deildastjóri tekur með sér skráningarbók fjarvista.
- Starfsfólk rýmir skólann, fer á söfnunarsvæðið vestan við húsið þ.e. við enda skólabyggingar og myndar röð fyrir framan nemendur.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Starfsfólk fer yfir nafnalista og aðgætir hvort allir nemendur hafa komist út. Umsjónarmanni söfnunarsvæðis skal tilkynnt hver staðan er. Deildastjóri eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sást síðast.
- Slökkvilið kemur á staðinn, deildastjóri eða staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Sá aðili sem síðastur er út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru vítt hugtak og taka til margra þátta daglegs lífs. Áhersla er lögð á að efla félags, tilfinninga-, og siðgæðisþroska nemenda í öllu starfi skólans.

Þessar áherslur má meðal annars finna í uppeldisstefnu skólans, samþættingu náms og fræðslu en einnig í beinni fræðslu til nemenda, starfsfólks og foreldra.

Markmið fræðslunnar er að:

- Auka vellíðan nemenda
- Styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda
- Efla alhliða þroska nemenda þannig að þeir styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi
- Nemendur átti sig á hvaða grunnfærni er mikilvæg til að ná velgengni í lífinu
- Nemendur geti aðlagast mismunandi aðstæðum og breytt þeim á jákvæðan hátt

- Bæta samskipti og takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs
- Kynna fyrir nemendum margvíslegar leiðir til heilbrigðra lífshátta

Til að ná ofangreindum markmiðum hefur skólinn sett sér stefnu um eftirfarandi atriði: Forvarnarfræðslu, samstarf heimilis og skóla ásamt fræðslu og ráðgjöf fyrir kennara og starfsfólk. Öll neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skóla og á skólalóð. Arnarskóli er vímuefnalaus skóli. Það sama gildir um allar ferðir og skemmtanir sem skipulagðar eru á vegum skólans. Skólinn samþykkir ekki vímuefnaneyslu nemenda sinna og ef nemandi verður uppvís að vímuefnanotkun verður unnið að lausn mála í samvinnu við nemanda og foreldra

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Til þess að tryggja að hver einstaklingur, hvort sem það er starfsmaður eða nemandi, líti á sig sem hluta af skólasamfélaginu og geti tekið fullan þátt í skólastarfinu, verður að meta alla einstaklinga á eigin forsendum. Skólanum ber skylda að standa vörð um jafnrétti, heilbrigði og velferð. Jafnrétti á því að vera samofið öllu skólastarfi, námsvali og samskiptum. Skólastjórnendum og starfsfólki öllu ber skylda til þess að tryggja öllum nemendum jafna möguleika til náms og þátttöku í daglegu skólastarfi. Allt starfsfólk á einnig að búa við jöfn tækifæri til starfa, ábyrgðar, launa og starfsþjálfunar.

Arnarskóla ber að nýta sér hæfileika og færni starfsmanna sinna á sem skilvirkastan hátt. Til þess að framfylgja þessu er nauðsynlegt að koma í veg fyrir mismunun, hvort sem hún er tengd launum eða öðrum starfsháttum.

Til að ná tilsettum árangri þarf að:

- Láta störf standa öllum til boða sem standast hæfniskröfur og ef jafnhæfir einstaklingar sækja um sama starf á að horfa á samsetningu starfsmannahópsins
- Gæta þess að jafnréttis sé gætt í þátttöku starfsmanna í nefndum og starfshópum sem og öðrum ábyrgðarstöðum og embættum á vegum skólans
- Sýna starfsmönnum sveigjanleika þegar samræma þarf starf og fjölskyldulíf
- Koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni eða ofbeldi af öllu tagi og tryggja að stjórnendur taki slík mál föstum tókum

Búið er að skipa jafnréttis- og mannréttindanefnd Arnarskóla sem mun ljúka áætlun í þeim efnum á skólaárinu 2019-20. Í nefndinni eru: María Sigurjónsdóttir fagstjóri, Rafn Emilsson staðgengill skólastjóra og Steinunn Hafsteinsdóttir fagstjóri.

Agamál, krefjandi hegðun og eineltisáætlun

Virðing við nemendur er höfð að leiðarljósi þegar tekist er á við krefjandi hegðun nemenda í Arnarskóla. Mótaðar eru einstaklingsáætlanir sem sniðnar eru að þörfum hvers nemanda ef nemandi sýnir endurtekið krefjandi hegðun.

Þegar unnið er að einstaklingsáætlunum vegna krefjandi hegðunar er lögð áhersla á að skilja virkni hegðunarinnar og samspil hennar við umhverfið. Notaðar eru sannreynðar leiðir til þess að leggja mat á virkni hegðunarinnar og móta áætlanir úr matinu. Slíkt mat gerir það kleift að móta með markvissum hætti fyrirbyggjandi úrræði við hegðunarvanda og skipuleggja kennslu á færni sem nemandi getur tileinkað sér til að takast á við þær aðstæður sem reynast erfiðar og kalla fram óæskilega hegðun.

Einelti er ítrekað andlegt eða líkamlegt ofbeldi sem er til dæmis fólgið í stöðugri stríðni, illkvittnislegum athugasemdum, hótunum, útilokun frá samskiptum jafnaldra og barsmíðum. Það á yfirleitt upptök sín hjá einum einstaklingi en er oft viðhaldið af hópi. Slík

framkoma getur gert skólann að óbærilegum starfsvettvangi fyrir þolendur og skapar almenn ólíðandi samskiptaboð á borð við ofbeldi, ofsóknir, fordóma, miskunnarleysi og undirlægjuhátt. Einelti er mjög alvarlegt samskiptamynstur sem starfsmönnum skólans og forsjáraðilum nemenda ber að vera á varðbergi gagnvart og bregðast tafarlaust við.

Arnarskóli leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti í formi fræðslu og þjálfunar í jákvæðum samskiptum fyrir alla nemendur skólans. Við gerð allra einstaklings áætlana á hverju ári verður tekið sérstakt tillit til þess hvernig hægt er að fyrirbyggja að nemandi verði fyrir eða sýni öðrum einelti. Einelti í orðum og athöfnum er aldrei liðið. Ef upp kemur einelti verður unnið með geranda og þolanda og foreldrum þeirra með einstaklings miðuðum áætlunum.

Starfsfólk og starfshættir

Þjálfun starfsfólks

Við móttöku nýrra starfsmanna er stuðst við tveggja vikna þjálfunar og fræðslutímabil áður en starfsfólk vinnur með nemendum skólans án stuðnings og eftirfylgdar annars starfsmanns. Fyrri vika þjálfunar felur í sér áhorf á starfshætti, þjálfun í aðgreindum kennsluæfingum og kennslu eftir verkefnagreiningu. Einnig fær starfsfólk margvíslega fræðslu, meðal annars um einhverfu og þroskafrávik, viðbrögð við krefjandi hegðun og uppbyggilega starfshætti almennt. Seinni vika þjálfunar felur í sér kennslu og vinnu með nemendum undir handleiðslu reyndara starfsfólks.

Endurgjöf á kennslu

Fagstjórar og skólastjóri eru í kennslustundum 3-6x í viku, fylgjast með kennslu og veita endurgjöf á kennsluhætti. Vinnulaginu er ætlað að tryggja starfsfólki þann stuðning sem nauðsynlegur er í krefjandi kennslu.

Siðareglur

Starfsfólk sem sinnir þjálfun og kennslu í Arnarskóla ber að fylgja siðareglum og fylgja lögum um starfshætti. Til hliðsjónar eru siðareglur kennara og atferlisfræðinga. Hér að neðan eru siðareglur kennara, siðareglur atferlisfræðinga eru ýtarlegri og aðgengilegar á netinu.

Siðareglur kennara:

1. Menntar nemendur
2. Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu
3. Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju
4. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
5. Hefur jafnrétti að leiðarljósi
6. Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir
7. Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra
8. Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu
9. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana
10. Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt
11. Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu
12. Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar (siðareglur kennara sótt á vef KÍ)

Símenntunaráætlun

Stefna Arnarskóla er að við skólann starfi ávallt starfsfólk í fremstu röð. Starfsfólk verður í stöðugri símenntun og áhersla á þróunarverkefni og þátttöku í uppbyggingu skólastarfsins.